



FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

10. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn miðvikudaginn 4. júní 2008 að Bústaðavegi 7 kl. 14.00.

Fundinn sátu:

Friðrik Friðriksson	Hitaveita Suðurnesja
Hreinn Frímansson	Orkuveita Reykjavíkur
Kjartan Rolf Árnason	Rarik
Unnur María Þorvaldsdóttir	Landsvirkjun
Kristján Halldórsson	Landsnet
Linda Lea Bogadóttir	Landsnet
Garðar Lárusson	Landsnet
Martha Eiríksdóttir	Landsnet

Dagskrá:

1. Þriðja útgáfa almennra skilmála um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.
2. Uptaka tengisamninga.
3. Reikningar Landsnets.
4. Önnur mál

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar lögð fyrir og samþykkt.

1. A.1 Almennir skilmálar um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.

KH kynnti breytingatillögur sem borist hafa vegna skilmála A.1.

Þær eru til komnar vegna samræmingarvinnu og vegna ákvæða í almennum skilmálum sem og vegna samninga við stórnotendur. Þessar breytingatillögur lúta helst að ákvæðum um gjaldskrá og mælingar.

Skilmálarnir voru sendir út með fundarboðinu. Óskað hefur verið eftir athugasemdum frá viðskiptavinum fyrir 1. júlí svo nýir skilmálar geti tekið gildi 15. júlí.

Nokkrar umræður og tillögur komu fram á fundinum um frekari breytingar:

- Athugasemd var gerð við grein 2.4 varðandi kaupskyldu, hvort þar ætti ekki að standa magn í stað upphæðar.
- Hvaða skyldur notenda er verið að vísa til í grein 7.6.
- Veigamestu breytingarnar eru varðandi mælingar og uppgjör. Þær eru fyrst og fremst gerðar með það að markmiði að færa texta til samræmis við það verklag sem almennt viðgengst.
- Athugasemd var gerð vegna greinar 10.5 en þar er mælt með að orðalagi skuli breytt úr skriflega í sannanleg.
- Landsnet upplýsti að ekki væri fyrirhugað að gera breytingar á ábyrgðarákvæðum í þessari atrennu en áformað væri að skoða þau mál í heild sinni síðar þar sem málið er flókið og þarfnast ítarlegrar yfirferðar. FF óskaði eftir að LN hefði samvinnu við viðskiptavini í þeirri vinnu svo þarfirnar komi skýrar fram.
- Þá var spurt hvort ákvæði í skilmálum LN um þak og gólf á ábyrgðum samræmdust almennum reglum um skaðabætur. LN svaraði því til að þetta fyrirkomulag tíðkaðist í öðrum löndum og hefði verið lagt til af lögfræðingi LN þar sem tjón vegna stórnotenda geta verið umtalsverð og kostnaðarsamt fyrir LN að kaupa tryggingar til að verjast slíku tjóni. Sjálfsagt væri þó að taka málið til umræðu á ný við heildarendurskoðun ábyrgðarákvæða.
- Athugasemdir bárust um að í kafla 8.2. væri vísað í VKL 21 sem ekki er aðgengileg fyrir viðskiptavini. Landsnet mun skoða hvort ekki sé unnt að birta regluna með skilmálunum á netinu.

2. Endurnýjun tengisamninga.

Tímabært er að huga að endurgerð tengisamninga sem hafa verið óbreyttir frá stofnun Landsnets. Síðan þá hafa ýmsar forsendur breyst og nýjar virkjanir tengst flutningsnetinu.

Landsneti ber lagaleg skylda til að gera tengisamninga og eru þeir eins fyrir alla þó svo viðaukarnir séu breytilegir eftir aðstæðum.

ME fór yfir þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar. Samningarnir eru umfangsminni þar sem mörg atriði hafa verið sett í skilmála Landsnets.

Nokkrar umræður og tillögur komu fram á fundinum. Töluverðar umræður urðu um afhendingaröryggi og bótaskyldu Landsnets á þeim svæðum sem ekki er fullkomið afhendingaröryggi.

Landsnet mun senda nýju samningana til yfirlstrar ásamt viðaukum og óska eftir athugasemdum áður en gengið verður endanlega frá samningunum. Ráðgert er að nýir samningar taki gildi 1. október og verður því núverandi samningum sagt upp 1. september til samræmis við uppsagnarákvæði þeirra.

3. Reikningar Landsnets.

Viðskiptavinir hafa lengi óskað eftir að fá reikninga eins fljótt og hægt er. ÁS kynnti þrjá möguleika á að hraða reikningagerð:

1. Senda út endanlega reikninga á öðrum virkum degi eftir mánaðarmót fyrir mánuðinn á undan.
2. Gerð yrði áætlun um orkunotkun mánaðarins og afl og afhendingargjald liggi fyrir eins og áður. Reikningar gætu þá farið út fyrsta dag næsta mánaðar eða jafnvel fyrr og síðan yrði gerður leiðréttingarreikningur t.d. á 3ja mánaða fresti.
3. Gerður yrði samningur um áskrift sem innheimt yrði eftir. Reikningur gæti farið út í lok viðkomandi mánaðar. Gert yrði síðan upp á sama hátt og áður og uppgjórið sent út til upplýsinga. Síðan yrði sendur út leiðréttingarreikningur t.d. á þriggja mánaða fresti. Einfalt uppgjör en veruleg skekkja gæti myndast með tilheyrandi kostnaði fyrir þann sem hallaði á.

Nokkur umræða skapaðist um málið. Telur FF að leið 1 myndi henta best og nægilegt væri að fá reikningana 4-5 virkum dögum eftir mánaðarmót. Nauðsynlegt er talið að jöfnunarorkan verði tilbúin á 10. degi. Aðrir fundarmenn voru sammála og munu bera tillögurnar undir aðra þá aðila sem þurfa þykir, eftir atvikum innan sinna fyrirtækja.

Þá óskaði FF eftir auknu samstarfi við Netorku og að gögn færu þangað í meira mæli þar sem veiturnar væru að nýta sér Netorku mikið til að meðhöndla mælaraðir. Ásgeir sagði ekkert því til fyrirstöðu en benti á viðskiptavinir þyrftu bara að upplýsa nánar með hvaða hætti þeir vilja fá mælaröðina afhenta þangað. ÁS og FF verða í beinu sambandi vegna þessa.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fundi slitið kl. 16.00.



FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

10. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn miðvikudaginn 4. júní 2008 að Bústaðavegi 7 kl. 14.00.

Fundinn sátu:

Friðrik Friðriksson	Hitaveita Suðurnesja
Hreinn Frímansson	Orkuveita Reykjavíkur
Kjartan Rolf Árnason	Rarik
Unnur María Þorvaldsdóttir	Landsvirkjun
Kristján Halldórsson	Landsnet
Linda Lea Bogadóttir	Landsnet
Garðar Lárusson	Landsnet
Martha Eiríksdóttir	Landsnet

Dagskrá:

1. Þriðja útgáfa almennra skilmála um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.
2. Uptaka tengisamninga.
3. Reikningar Landsnets.
4. Önnur mál

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar lögð fyrir og samþykkt.

1. A.1 Almennir skilmálar um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.

KH kynnti breytingatillögur sem borist hafa vegna skilmála A.1.

Þær eru til komnar vegna samræmingarvinnu og vegna ákvæða í almennum skilmálum sem og vegna samninga við stórnotendur. Þessar breytingatillögur lúta helst að ákvæðum um gjaldskrá og mælingar.

Skilmálarnir voru sendir út með fundarboðinu. Óskað hefur verið eftir athugasemdum frá viðskiptavinum fyrir 1. júlí svo nýir skilmálar geti tekið gildi 15. júlí.

Nokkrar umræður og tillögur komu fram á fundinum um frekari breytingar:

- Athugasemd var gerð við grein 2.4 varðandi kaupskyldu, hvort þar ætti ekki að standa magn í stað upphæðar.
- Hvaða skyldur notenda er verið að vísa til í grein 7.6.
- Veigamestu breytingarnar eru varðandi mælingar og uppgjör. Þær eru fyrst og fremst gerðar með það að markmiði að færa texta til samræmis við það verklag sem almennt viðgengst.
- Athugasemd var gerð vegna greinar 10.5 en þar er mælt með að orðalagi skuli breytt úr skriflega í sannanleg.
- Landsnet upplýsti að ekki væri fyrirhugað að gera breytingar á ábyrgðarákvæðum í þessari atrennu en áformað væri að skoða þau mál í heild sinni síðar þar sem málið er flókið og þarfnast ítarlegrar yfirferðar. FF óskaði eftir að LN hefði samvinnu við viðskiptavini í þeirri vinnu svo þarfirnar komi skýrar fram.
- Þá var spurt hvort ákvæði í skilmálum LN um þak og gólf á ábyrgðum samræmdust almennum reglum um skaðabætur. LN svaraði því til að þetta fyrirkomulag tíðkaðist í öðrum löndum og hefði verið lagt til af lögfræðingi LN þar sem tjón vegna stórnotenda geta verið umtalsverð og kostnaðarsamt fyrir LN að kaupa tryggingar til að verjast slíku tjóni. Sjálfsagt væri þó að taka málið til umræðu á ný við heildarendurskoðun ábyrgðarákvæða.
- Athugasemdir bárust um að í kafla 8.2. væri vísað í VKL 21 sem ekki er aðgengileg fyrir viðskiptavini. Landsnet mun skoða hvort ekki sé unnt að birta regluna með skilmálunum á netinu.

2. Endurnýjun tengisamninga.

Tímabært er að huga að endurgerð tengisamninga sem hafa verið óbreyttir frá stofnun Landsnets. Síðan þá hafa ýmsar forsendur breyst og nýjar virkjanir tengst flutningsnetinu.

Landsneti ber lagaleg skylda til að gera tengisamninga og eru þeir eins fyrir alla þó svo viðaukarnir séu breytilegir eftir aðstæðum.

ME fór yfir þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar. Samningarnir eru umfangsminni þar sem mörg atriði hafa verið sett í skilmála Landsnets.

Nokkrar umræður og tillögur komu fram á fundinum. Töluverðar umræður urðu um afhendingaröryggi og bótaskyldu Landsnets á þeim svæðum sem ekki er fullkomið afhendingaröryggi.

Landsnet mun senda nýju samningana til yfirlstrar ásamt viðaukum og óska eftir athugasemdum áður en gengið verður endanlega frá samningunum. Ráðgert er að nýir samningar taki gildi 1. október og verður því núverandi samningum sagt upp 1. september til samræmis við uppsagnarákvæði þeirra.

3. Reikningar Landsnets.

Viðskiptavinir hafa lengi óskað eftir að fá reikninga eins fljótt og hægt er. ÁS kynnti þrjá möguleika á að hraða reikningagerð:

1. Senda út endanlega reikninga á öðrum virkum degi eftir mánaðarmót fyrir mánuðinn á undan.
2. Gerð yrði áætlun um orkunotkun mánaðarins og afl og afhendingargjald liggi fyrir eins og áður. Reikningar gætu þá farið út fyrsta dag næsta mánaðar eða jafnvel fyrr og síðan yrði gerður leiðréttingarreikningur t.d. á 3ja mánaða fresti.
3. Gerður yrði samningur um áskrift sem innheimt yrði eftir. Reikningur gæti farið út í lok viðkomandi mánaðar. Gert yrði síðan upp á sama hátt og áður og uppgjórið sent út til upplýsinga. Síðan yrði sendur út leiðréttingarreikningur t.d. á þriggja mánaða fresti. Einfalt uppgjör en veruleg skekkja gæti myndast með tilheyrandi kostnaði fyrir þann sem hallaði á.

Nokkur umræða skapaðist um málið. Telur FF að leið 1 myndi henta best og nægilegt væri að fá reikningana 4-5 virkum dögum eftir mánaðarmót. Nauðsynlegt er talið að jöfnunarorkan verði tilbúin á 10. degi. Aðrir fundarmenn voru sammála og munu bera tillögurnar undir aðra þá aðila sem þurfa þykir, eftir atvikum innan sinna fyrirtækja.

Þá óskaði FF eftir auknu samstarfi við Netorku og að gögn færu þangað í meira mæli þar sem veiturnar væru að nýta sér Netorku mikið til að meðhöndla mælaraðir. Ásgeir sagði ekkert því til fyrirstöðu en benti á viðskiptavinir þyrftu bara að upplýsa nánar með hvaða hætti þeir vilja fá mælaröðina afhenta þangað. ÁS og FF verða í beinu sambandi vegna þessa.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fundi slitið kl. 16.00.